

# Málstefna leikskóla Snæfellsbæjar

Í leikskóla Snæfellsbæjar leggjum við mikla áherslu á að töluð sé íslenska innan veggja leikskólans. Mikilvægt er að öll börn fái notið þess að íslenskt mál þeirra sé auðgað með góðri og vandaðri íslensku í daglegu starfi leikskólans vegna þess að íslenska er okkar skólamál.

Það gerum við með því að:

- Allt starfsfólk leikskóla Snæfellsbæjar skal nota íslensku í störfum sínum, þeir eru fyrirmyndir og tala vandað og skýrt mál.
- Erlent starfsfólk skal leita sér allra leiða til þess að vera sífelld að efla eigin íslensku kunnáttu og vera þannig fyrirmynd fjöltyngdra barna og erlendra foreldra.
- Öll samskipti milli starfsmanna og milli barna og starfsmanna fara fram á íslensku.
- Allt efni bæði bóklegt og stafrænt skal vera á íslensku.
- Orðaforða, málskilning og framburð barna skal auðga með fjölbreyttum hætti og þá helst að starfsmenn gefi sig að hverju barni og veiti hverju barni tækifæri til samræðna sem einkennast af opnum spurningum, virkri hlustun og virðingu.

## Íslenska og önnur tungumál

Í leikskóla Snæfellsbæjar er barna- og foreldrahópur fjölbreyttur og heimatungumál hluta barnanna er annað en íslenska. Það er mikilvægt að foreldrar fjöltyngdra barna séu meðvitaðir um að íslenska er okkar skólamál og mál samfélagsins. Þess vegna er það bæði ávinningur erlendra foreldra og fjöltyngdra barna að íslensku kunnátta sé góð. Foreldrar fjöltyngdra barna þurfa að leggja sig enn meira fram við að læra íslenskt tungumál, skoða vel viðhorf sitt til tungumálsins og þannig vera fyrirmyndir barna sinna í íslensku námi. Við leggjum áherslu á gott samstarf, virkt upplýsingaflæði og fræðslu fyrir foreldra fjöltyngdra barna.

Það gerum við með því að:

- Gefa okkur vel að foreldrum fjöltyngdra barna, það er mikilvægt að þeir sjái að þeir eru mikilvægir hlekkir í skólagöngu barna sinna.
- Starfsfólk reynir eftir bestu geta að nota íslensku í samræðum við foreldra. Starfsfólk talar hægt, notar tákn með höndum og nýtum tæknina til þýðingar á lykilorðum þegar við á.
- Reglulega er haldnir fundir fyrir foreldra fjöltyngdra barna þar sem umræðuefnið er málþroski, hlutverk foreldra og leiðir og ráð þegar kemur að kennslu í íslensku.
- Sameiginleg verkefni sem unnið er að bæði heima og í skólanum.
- Fræðsla send til foreldra í tölvupósti.

### **Samstarf heimilis og skóla**

Gott samstarf milli heimilis og skóla er grundvöllur góðs skólabrags. Við viljum í sameiningu stuðla að vellíðan allra barna. Upplýsa þarf foreldra reglulega, hvetja þá til samstarfs og þátttöku í ýmsum verkefnum. Öllum foreldrum er nauðsynlegt að vera meðvitaðir um starfið og þær áherslur sem leikskólinn leggur varðandi málþroska barna og þá um leið mikilvægi íslenskrar tungu í skólastarfinu.

Það gerum við með því að:

- Gefa okkur jafnt að öllum foreldrum barnanna í upphafi og lok hvers skóladags, vöndum mál okkar og tölum íslenskt tal.
- Boða foreldra á fundi í upphaf skólaársins, þar sem farið er yfir áherslur deildarinnar, dagskipulagið, faglegt starf og kynning á starfsfólki deildarinnar.
- Á hverjum fimmtudegi er foreldrum sendur fræðslumoli í tölvupósti.
- Við inngang hvernar deildar eru bókapokar sem að foreldrar og börn geta fengið að láni heim.

## **Verkfæri sem við getum nýtt til að efla orðaforða og málskilning barna, hvernig ætlum við að nýta okkur þau:**

Við höfum verið dugleg að senda heim ýmsan fróðleik sem foreldrar geta nýtt og unnið með sínum börnum.

- Qr kóða með ýmsum fræðilegum og gagnlegum forritum á íslensku sem þjálfa málþroska
- Hvetja foreldra til að taka bókapoka sem við höfum upp á að bjóða
- Sendum út á hálfmánaðar fresti orðaforða sögur
- Sendum út í hverri viku fimmtudags mola með ýmiskonar fræðslu
- Lestraráttak með Lubba
- Lestrabækur sendar heim og foreldrar lesa bókina heima (myndlestur) svo er bókin lesin í leikskólanum.

## **Góðar og gagnlegar leiðir til að efla málþroska barna**

- Nota Tákni með tali, nýta **TMI**. Í hverri viku er áhersla lögð á tákni vikunnar. Tákni verða sýnileg í fataklefanum, við matarborðið og innan deildar.
- Lesa bækur á hverjum degi, lestur bóka er mikilvægasti þátturinn í málörvun, eflir orðaforða. Mikilvægt að spyrja opinna spurninga að lestri loknum og útskýra orð sem koma fyrir í sögunni.
- Gefðu tíu, samskiptahringurinn.
- Spila spil > spil sem veita tækifæri til samræðna bæði á forsendum kennara og barna.
- Endurtekningar á orðum og bæta við setningar.
- Lyklakippa/hálsband með myndum, hvort sem það eru myndir af fatnaði, mat, leikföngum o.fl.
- Leggja orð á allar athafnir.
- Sjónrænt dagskipulag /stundatafla.

*Þegar við vitum til hvers er ætlast af okkur þá liður okkur vel. Í leikskólanum er notað myndrænt skipulag til að gera umhverfið í leikskólanum eins leiðbeinandi og fyrirsjáanlegt og mögulegt er. Sjónrænar vísbendingar hjálpa börnunum að átta sig á umhverfinu og auka sjálfstæði þeirra og öryggi við daglegar aðstæður. Þegar myndir eru notaðar á þennan hátt er alltaf gætt að því að nota talmál og ritmál samhliða. Myndrænt skipulag hentar öllum börnum, hvort sem þau eru með eðlilegan málþroska, skertan málþroska eða tala fleiri en eitt tungumál*